

Umsögn

Tillaga til þingsáætlunar um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. (Lagt fyrir aukakirkjuþing 2021))

Eitt af vandamálum okkar Íslendinga er að ef allt gengur vel fær sumt fólk í ráðandi stöðum þá furðulegu hugmynd að það sé ekki að sinna skyldum sínum nema breyta einhverju. Þannig er það með þjóðkirkjuna núna. Í öllum meginatriðum hefur allt gengið ágætlega og það er ástæða til að njóta þess, slaka á, draga djúpt andann og njóta lífsins. Að vísu hafa komið upp nokkur vandamál á liðnum árum og hlutfall þjóðkirkjufólks af heildar mannafla fer minnkandi. En það kallar örugglega ekki á umbyltingu farsæls og skilvirks stjórnkerfis sem margir af fremstu stjórnunarfræðingum heimsins líta á sem fyrirmynd.

1. Óþarfi að finna upp hjólið að nýju

Stjórnskipan kirkjustjórnarinnar er búin að þróast í árhundruð. Í hinum fræðilega heimi stjórnsýslumála hafa fremstu fræðimenn í stjórnunarfræði bent á það skipulag sem aldirnar mörgu hafa sorfið til og við höfum búið við með afskaplega góðum árangri.

Þessi farsæla stjórnskipun hefur byggst á því að þjóðkirkjan hefur verið samlag sjálfstætt starfandi prestakalla með mynduga presta í fararbroddi. Þeir hafa verið embættismenn og því borið ábyrgð á rekstri sinna prestakalla. Að lúterskum sið voru þeir biskupar í sínum prestaköllum.

2. Íslensk þjóð er sáralítill og þarf ekki þessa þungu yfirbyggingu

Ekkert bannar að prestarnir séu áfram myndugir kirkjulegir embættismenn. Þetta hefur þýtt að yfirbygging þjóðkirkjunnar hefur lengst af verið léttbyggð, meginstoðir hennar traustar, stofnunin ódýr í rekstri, skilvirk og gegnsæ. Í fyrirbyggjandi skipulagshugmyndum er þessu heldur betur snúið á hvolf. Í stað breiðrar og sterkrar undirstöðu er komin þung og dýr yfirbygging og veik undirstaða. Myndrænt má líkja þessu við píramída sem situr fastur fyrir á breiðri undirstöðu sem nú er búið að snúa við og hvílir nú á brothættum oddi. Með þessu nýja skipulagi hafa prestar misst myndugleika sinn og afhent fólki fjarri vettvangi yfirstjórn og ábyrgð sína. Yfir þá eru allt í einu komnir sérlaunaðir stjórnendur og prestarnir eru orðnir starfsmenn með lakari starfskjör en hefðu verið möguleg ef millistjórnendum væri ekki fyrir komið til að breikka bilið á milli þeirra.

3. Bannað

Og nú að tvennu sem bannað er að segja upphátt: 1. Prestar með til þess að gera slök laun miðað við aðra með jafn mikla menntun sem þar að auki fara út á land án staðaruppbóta og staðarsamninga. + 2. Prestar sem eru orðnir að starfsmönnum og undirtyllum í stað myndugra kirkjulegra embættismanna. Ergo: Atgervisdræn! Sjáið hvað gerist!

Í hinni sígildu kirkjuskipan voru prestastefnur sem ræddu faglega mikilvæg málefni og gerðu ályktanir sem vigt var í fyrir kirkjuna og samfélagið allt. Nú eru slíkir fagfundir ekki lengur til, bara nafnið.

4. Hin fagra, faglega og fjarlæga orðræða

Til að fódra þessa nýju skipan er flaggað orðum sem oft eru notuð til að lesendur fyllist lotningu og trausti: lýðræði, valddreifing, skilvirkni, grasrót, samráð o.s.frv. Hin nýja stjórnskipan er hlaðin öllu því sem tryggir að skilvirkni verður í lágmarki, samráð flókið og flækjustig mikið. Lýðræðishugtakið er innantómt slagorð í kirkjulegu samhengi en hentar vel sem eynakonfekt. Fátt hefur ljótara verið gert í samfélagi okkar en einmitt í nafni lýðræðis. Og það hefur líka gerst í þjóðkirkjunni þegar lítið hefur verið eftir af heiðríkju og heilindum. Á meðan örfá atkvæði eru t.d. að baki kirkjubingsfulltrúum er ekki einu sinni hægt að bera sér orðið í munn að í kirkjunni ríki lýðræði. Kerfið tútnar út og verður stöðugt stirðara til gangs og bætist nú í safn stofnana sem sanna lögmál Parkinsons. Hann starfaði í breska stjórnarráðinu og sá að stöðugt fleiri þurfti til að vinna nákvæmlega sömu verk innan ráðuneytisins. Það sem einn gerði fyrir fimm árum voru allt í einu fimm farnir að gera og eftir tíu ár unnu sama verk tíu til fimmtán manns o.s.frv. Þessi kenning Parkinsons telst nú fullsönnuð og má því heita lögmál.

5. Breiskleiki okkar birtist í mörgum myndum, t.d.: Tölur tútna út

Sú einfalda og skilvirka stjórnskipan sem tryggði einingu og skýrar línur hafði á að skipa samtals fimm stöðugildum í ráðuneyti og á biskupsstofu. Þá var þjóðkirkjufólk í landinu ámóta stór hópur eða stærri en er um þessar mundir og virkni og líf í söfnuðum landsins mun meira en nú. Þá þurfti enga prófasta með stjórnunarhlutverk. Þeir litu bara til með skýrsluskilum og héldu einn héraðsfund á ári og gáfu biskupi upplýsingar ef eitthvað virtist þurfa að athuga betur. Biskup gætti kenningarinnar, gætti þess að prestaköll væru skipuð og hafði umsjón með sameiginlegum málum þegar svo bar við og leit til með eignum þjóðkirkjunnar. Sér til hjástoðar hafði hann kirkjuráð og lítið en velviljað kirkjubing.

6. Berrassaði keisarinn

Kirkjan hefur aldrei beðið um vígslubiskupsembættin. Þau eru sárabót, l. 62/1990 Með ofangreindri umsögn virðist loksins glitta í að kirkjan losi sig við vígslubiskupana. Kirkjan hefur aldrei beðið um þessi vígslubiskupsembætti. Þau eru pínleg og eiginlega hlægileg fyrir utan að vera fullkomlega óþörf. Það sem ritað er og látið skína í að vígslubiskupar geri er allt í samræmi við Parkinson. Það er nefnilega léttur leikur að búa sér til skýringum til að réttlæta tilvist sína. Að auki kosta þau ótrúlega mikið. Ég skora á kirkjubingsfulltrúa að skoða hvað kostnaðurinn er mikill fram að covid. Á núvirði sýnist mér að kostnaðurinn sé a.m.k. 70-80 milljónir. Kirkjan hefur ekki efni á svona sýndarleik. Gætið þess að allt verði talið með þegar þið fáið skýrslu um kostnaðinn. Þegar ég bað um slíka skýrslu kom í ljós að sumir kostnaðarliðirnir voru faldir undir öðrum liðum. Þjóðkirkjan hefur ekki efni á að reka svona innantóm og valdalaus skrautembætti. Ef þetta er spurning um að láta skrautbúið fólk ganga um hlöð fyrir ferðamenn má gera eins og í Bretlandi þar sem

leikarar og leiklistarnemar eru settir í forn klæði til skreytis fyrir staði sem muna sinn fífil fegurri. Ferðamenn njóta þess mjög vel og leiklistarnemarnir fá aur fyrir vikið.

7. Biskup er höfuð allrar kirkjunnar, ekki bara einhvers andlegs hluta hennar

Í hinu nýja skipulagi er biskup Íslands utan við kirkjuþing og framkvæmdastjórnina en má samt sitja fundi. Hvernig á biskup að geta talað fyrir ákvörðunum sem allir aðrir en hann eru ábyrgir fyrir?

Til að einfalda skipulagið og gera það skilvirkt á biskup að vera forseti kirkjuþings og formaður framkvæmdastjórnar kirkjuþings. Það einfaldar og styrkir ákvarðanir og tryggir að einn aðili geti svarað fyrir og axlað þá ábyrgð að vera höfuð kirkjunnar. Það eru engin rök færð fyrir því að setja biskup utan við þessar áhrifamiklu stofnanir. Hann er ekki framkvæmdastjóri fyrirtækis. Hann er höfuð næstelstu stofnunar þjóðarinnar og í vitund almennings er biskupinn kenndur við allt sem varðar kirkjuna. Þannig er það bara.

8. Hvar er kostnaðarmatið?

Með tillögunni er ekkert kostnaðarmat. Það stóreykur áhættuna við að samþykkja þessar hugmyndir. Hins vegar blasir við að kostnaðurinn hlýtur að vera mikill og sennilega mun meiri en þjóðkirkjan ræður við.

9. Að förlast í uppvaskinu

Ég verð að stilla mig um að rita meira að sinni, læt þess í stað hugsanlega eitthvað fjúka í blöðin, t.d. um fækkun kirkjuþingsfulltrúa, sparnað við öflun fræðsluefnis fyrir barnastarf, endurvirkjun prestastefnu til að fjalla um fagleg málefni, einkum sérfræðileg guðfræðimál o.s.frv. Sjáum til.

Skýrslan er fagmannlega skrifuð og forysta um söfnun og flokkun hugmynda frá umræðufundu m í höndum mjög trausts fagmanns, dr. Bjarna Snæbjörns Jónssonar. Að mínum dómi bíður hans núna að leiða samráð sérfræðingahóps um farsæla lendingu í þessum málum.

9.9.2021

Kristinn Ágúst Friðfinnsson